



Landssamtökin

Proskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!

*Staða notenda sem þurfa
sérstaka aðstoð til þátttöku.*

Bryndís Snæbjörnsdóttir formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

**Virðing fyrir eðlislægri mannlegri reisu,
sjálfstæði og sjálfræði einstaklinga, þar með
talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir.
Sjálfstætt og eðlilegt líf til jafns við aðra.**

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.
(19. gr.)

a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, **til jafns við aðra**, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir,

b) að fatlað fólk hafi aðgang að margs konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuúrræðum og annarri stoðþjónustu samfélagsins, einnig **að persónulegri aðstoð sem er nauðsynleg til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar** og til þess að koma í veg fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu,

Viðeigandi aðlögun - **Full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar**

Hvað þarf til að fatlað fólk fá þessi tækifæri í raun?

Réttur og þörf til stuðnings til þess ræðst af eðli fötlunar og hverjum einstaklingi. – Skylda stjórnvalda að mæta þeim þörfum.

Samningur SP:

Ríki skulu banna og koma í veg fyrir hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar. – Viðeigandi aðlögun.

Samningur SP:

“States Parties shall take appropriate measures to provide access by persons with disabilities to the support they may require in exercising their legal capacity.”

Stjórnvöld tryggi að fatlað fólk njóti **gerhæfis** til á öllum sviðum.

Gerhæfi (legal capacity) er hæfið til að ráða sér og réttindum sínum sjálfur.

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

11. gr. Notendastýrð persónuleg aðstoð:

Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstýringu og verkstjórn hans. Ef notandinn á erfitt með að annast verkstjórn vegna fötlunar sinnar **skal hann eiga rétt á aðstoð við hana**, sbr. þó ákvæði 6. gr. Aðstoðin skal um leið vera heildstæð þar sem þjónustukerfi félags-, heilbrigðis- og menntamála samhæfa aðstoð sína í þágu þess sem nýtur hennar.

Síðast en ekki síst!

Það þarf að auka möguleika fólks sem býr í búsetukjörnum og hefur ekki tækifæri eða áhuga á að sækja um NPA til að fá meira vald yfir lífi sínu.

Nauðsynlegt er að tryggja meira fjármagn til að fólk sem þarf nú að deila með sér aðstoðarfólki fái einstaklingsbundna þjónustu. Með því móti fær fólk sem býr í búsetukjörnum m.a. tækifæri til að ráða sjálft hvernig það ver frítíma sínum og með hverjum.

Nú er algengt að fólk sem býr við þær aðstæður þurfi að laga sig að óskum og þörfum annarra íbúa sem það á ekkert sameiginlegt með nema að búa á sama stað og þurfa að deila þjónustu með þeim.



Landssamtökin

Proskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!